
Úrval hf.:

Kynning á sumarbúðum barna og unglinga í Bretlandi

FERÐASKRIFSTOFAN Úrval hf. býður ferðir fyrir börn og unglinga í Beaumont-sumarbúðirnar í Bretlandi. Það var í fyrsta sinn boðið upp á þessar ferðir síðastliðið sumar. Laugardaginn 4. apríl nk. verður haldinn sérstakur kynningarfundur á Hótel Loftleiðum, ráðstefnusal, kl. 14.00.

Á fundinn mætir Damien Medine, fyrrverandi skólastjóri og aðstoðarframkvæmdastjóri Beaumont. Mun hann segja frá sumarbúða- og skólastarfinu, sýna myndbönd og skyggnur og svara fyrirspurnum.

Beaumont-sumarbúðirnar eru fyrir börn og unglinga á aldrinum 8—17 ára. Sumarbúðirnar eru víðsvegar um Bretland og er hægt að dvelja þar í 1—6 vikur í senn.



Beaumont-búðir eru m.a. í Cokethorpe.

Nokkrum íslenskum kennurum verður boðin þátttaka í starfi sumarbúðanna í 5 til 6 vikur í sumar, því eru kennarar velkomnir á fundinn.

(Úr fréttatilkynningu)



Morgunblaðið/Júlíus

Steinunn við eitt verka sinna á sýningunni á Kjarvalsstöðum.

Kjarvalsstaðir:

Höggmyndir í Kjarvalssal

STEINUNN Þórarinsdóttir myndhöggvari opnar á laugardaginn sýningu á verkum sínum í Kjarvalssal, Kjarvalsstöðum. Á sýningunni eru 26 verk úr ýmsum efnum svo sem járni, blýi, gler og leir, bæði frístandandi höggmyndir og veggmyndir.

Flest verkin á sýningunni eru unnin á síðasta ári, en Steinunn hlaut starfslaun Reykjavíkurborgar 1986. Þetta er 5. einkasýning Steinunnar og sú stærsta hingað til. Hún hélt síðast einkasýningu árið 1984, en hefur auk þess tekið þátt í fjölda samsýninga bæði heima og erlendis.

Steinunn hlaut menntun sína í Englandi og á Ítalíu og kom heim frá námi 1980. Sýning hennar er opin alla daga frá kl. 14—22 og lýkur 20. apríl.